

Nd.

425. Frumvarp

til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ákvæðin í konungsstaðfestingu 4. október 1831 á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, sbr. gjafabrjef 8. júlí 1830, 5. lið, skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að verja megi árstekjunum af gjafasjóðnum, eða nokkru af þeim, til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, eftir tillögum sýslunefndar og bæjarstjórnar, til að koma í veg fyrir bjargarskort í harðæri.